

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent í tölvuósti á [nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík, 1. nóvember 2023

### Umsögn Landverndar um samgönguáætlun

Landvernd fagnar því að sett sé fram samgönguáætlun og fagnar sérstaklega markmiðum 7-11.

7. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum
8. Aðlögun samgöngumannvirkja að loftslagsbreytingum
9. Samdráttur í staðbundnum umhverfis- og lýðheilsuáhrifum samgangna.
10. Efling almenningsamgangna um land allt
11. breyttar ferðavenjur

### Bættar almenningsamgöngur og breyttir ferðamátar

Landvernd styður þá þætti samgönguáætlunar er viðkoma bættum almenningsamgöngum og breyttum ferðamátum. Þá vill Landvernd sérstaklega taka fram ánægju með að koma skuli á fót almenningsamgöngum með endurnýjanlegum orkugjöfum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar og telur að það ætti að vera sérstakt forgangsverkefni. Einnig er rætt um samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um að efla almenningsamgöngur á landsbyggðinni ásamt því að Vegagerðinni er falið að skilgreina heildstætt leiðakerfi almenningsamgangna milli byggða.

Landvernd vill koma því á framfæri að gerð almenningsamgangna skiptir máli og vill undirstrika að almenningsamgöngur sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum eru ákjósanlegastar en áætlanaflyg eins og það er í dag, er sísti kosturinn þegar kemur að almenningsamgöngum í þágu umhverfis og loftslags. Nú niðurgreiðir ríkið flugsamgöngur og sveitarfélög almenningsamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins en aðrar almenningsamgöngur milli byggðahluta hljóta engar niðurgreiðslur og eru fátíðar, dýrar og tímafreakar. Úr þessu ætti að bæta til þess að gera þann ferðamáta ákjósanlegri með það að markmiði að draga úr flugi og ferðum á einkabílum.

Stuðla á að breyttum ferðamátum sem er mikið fagnaðarefni. Til stendur einnig að móta stefnu og aðgerðaáætlun fyrir hjólréiðar og smáfarartæki sem stuðla geti að bættu umhverfi fyrir þá ferðamáta. Að auki hyggst Innviðaráðuneytið gera umhverfisvitund að stærri þætti í vali á ferðamátum. Landvernd vill benda á að til þess að stuðla að stórum kerfisbreytingum er ekki nægilegt að hvetja eingöngu til breytinga heldur verður að gera aðra ferðamáta ákjósanlegri en þá sem nú eru ráðandi. Samkvæmt könnun maskínu frá 2020<sup>1</sup> ferðast flestir íbúar höfuðborgarsvæðisins á einkabíl til og frá vinnu en einungis um helmingur þeirra segjast myndu helst vilja ferðast svoleiðis. Vilji til

<sup>1</sup> <https://maskina.is/ferdavenjur-ibua-hofudborgarsvaedisins/>

breytinga er til staðar og til þess að virkja hann er mikilvægt að byggja bæði upp innviði fyrir fjölbreytta ferðamáta ásamt því að þrengja að ráðandi ferðamátanum, einkabílnum og gera hann síður ákjósanlegan. Ekki er að sjá áform um hið síðarnefnda í samgönguáætlun og er það miður. Landvernd hvetur ráðuneytið til þess að ganga lengra í áformum sínum um breytingar þessar.

### **Dregið úr losun og staðbundin loftgæði bætt**

Mjög ánægjulegt er hve mikil áhersla lögð er á að bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist ásamt því að áhersla er lögð á orkuskipti og samdrátt í losun. Hins vegar virðist ekki fyllilega ráðist á rót vandans sem er fjöldi einkabíla en tvær leiðir til þess að draga úr losun frá vegasamgöngum er að fækka bílum ásamt því að auka hlutfall rafmagnsbíla í flotanum. Rafmagnsbílar stuðla einnig að svifryksmengun með sliti á vegum og gera það jafnvel í meira mæli en bensín og dísel bílar þar sem þeir eru töluvert þyngri. Það er í andstöðu við markmið samgönguáætlunar númer 9. *Samdráttur í staðbundnum umhverfis- og lýðheilsuáhrifum samgangna* að byggja upp innviði sem stuðla að aukinni svifryksmengun og frekari umferð einkabíla innan höfuðborgarinnar. Landvernd bendir á umsögn sína um Sundabraut sem send voru á gátt Skipulagsstofnunar fyrr í mánuðinum. Vill Landvernd undirstrika líkt og fram kemur í umsögninni að Borgarlínan er töluvert ákjósanlegra verkefni til forgangsröðunar þegar kemur að markmiðum þessum. Fram kemur einnig í áætluninni að unnið verði að því að lágmarka kolefnisfótspor í mannvirkjagerð í samgönguinnviðum ásamt því að hönnun og uppbygging þeirra taki mið af spám um náttúrufarsbreytingar vegna loftslagsáhrifa. Við greiningu og lágmarkun kolefnis og umhverfisfótspors mannvirkja verður alltaf að hafa í huga að sumar framkvæmdir eru ekki nauðsynlegar og verið getur að farsælasti valkosturinn sé að falla frá framkvæmdum.

Innviðaráðuneytið hyggst móta vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum og tímasettum aðgerðum sem miða að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda m.v. 2005 verði náð. Áformum er líst um víðtækt samráð. Mikilvægt er að náttúruvernd hafi sæti í samráðinu. Landvernd hvetur jafnframt Innviðaráðuneytið til þess að vinna náið með umhverfisráðuneytinu en enn á eftir að uppfæra aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem hefur þessi sömu markmið.

### **Hálendi Íslands**

Landvernd geldur varhug við því að rætt sé um byggja upp vegi á miðhálandinu og vísar til umsagnar sinnar um hvítbók í skipulagsmálum þar sem Landvernd lýsir yfir óánægju með að sérstaklega sé tekið fram að þróa skuli stefnu um að byggja upp vegakerfi á miðhálandinu m.t.t. bætts aðgengis og orkuskipta. Sérstaða hálendisins fellst einmitt í því hve torfært það er. Á meðan ekki hefur verið settur verndarramma utan um hálendið er torfæra veganna eina vörn svæðisins gegn óhóflegum ágangi ferðamanna og dugar það ekki til á mörgum svæðum nú þegar. Stefna Landverndar er sú að farsælast væri að setja á fót hálendisþjóðgarð með virkri stjórnunar og verndaráætlun sem myndi tryggja vöktun og þjónustu á svæðinu. Uppbygging vega á hálendinu samræmist ekki þeirri stefnu og leggst Landvernd því gegn því að farið verði í slíka vinnu án skýrari verndarmarkmiða.

### **Flugsamgöngur**

Samgönguáætlun leggur ríka áherslu á flugsamgöngur en óljóst er hvernig þær áherslur ríma við áherslur um breyttar ferðavenjur og samdrátt í losun. Rætt er um ýmis verkefni í þá átt að greina betur og draga úr umhverfisáhrifum frá flugvöllum. Landvernd vill undirstrika að rannsóknir og greiningar eru af hinu góða en það liggur í augum uppi að farsælasta leiðin til þess að draga úr margvíslegri mengun frá flugi og flugvöllum er að draga úr umfangi flugs. Ekki er minnst á samdrátt í flugumferð né takmarkanir á einkaflugi, þvert á móti er rætt um áherslu á einka, og kennsluflug í



nágreppi höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt rannsókn Gössling og Humpe frá 2020<sup>2</sup> eru aðeins 1% jarðarbúa ábyrg fyrir helmingi losunar frá flugvélum en einkaþotur eru taldar vera ábyrgar fyrir 7500 tonnum af koltvísýringslosun á ári. Samgönguáætlun ætti að takmarka verulega, eða að öllu leiti einkaþotur og skemmtiflug.

### **Lífeldsneyti**

Landvernd vill koma því á framfæri að framleiðsla á lífeldsneyti er ekki töfralausn á losun frá skipasamgöngum en framleiðsla á reypju til eldsneytisframleiðslu þarf mikil landsvæði og hætta er á að árekstrar myndist við aðra landnotkun sem auki þrýsting á því að ganga á náttúruleg svæði. Grípa verður einnig til annara leiða líkt og að takmarka umsvif.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir*

---

<sup>2</sup> <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0959378020307779>